



Skýrsla endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar 2015



Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

27. apríl 2015





Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Samandregin niðurstaða	3
3.	Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.....	4
3.1.	Innra eftirlit með gerð reikningsskila	4
3.2.	Verkefni endurskoðunarnefndar	4
3.3.	Ábendingar nefndarinnar	5
4.	Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.....	6
4.1.	Innri endurskoðun borgarinnar	6
4.2.	Áhættustýring.....	6
4.3.	Verkefni endurskoðunarnefndar	7
4.4.	Ábendingar nefndarinnar	9
5.	Eftirlit með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðunnar	10
5.1.	Verkefni endurskoðunarnefndar	10
6.	Mat á óhæði endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra	11
6.1.	Verkefni endurskoðunarnefndar	11
7.	Val á ytri endurskoðendum	12
7.1.	Verkefni endurskoðunarnefndar	12
8.	Um ársreikning Reykjavíkurborgar 2014.....	13
8.1.	Verkefni endurskoðunarnefndar	13
8.1.1.	Leigusamningur um höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur	14
8.1.2.	Eignfærsla fjárfestingaeigna hjá Félagsbústöðum hf.	15
8.1.3.	Yfirferð á ársreikningum B-hluta fyrirtækja og stofnana.....	15
9.	Um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.....	16
9.1.	Verkefni endurskoðunarnefndar	16
10.	Önnur atriði	16
10.1.	Starfsreglur endurskoðunarnefndar.....	16
10.2.	Umsögn um regluvörslu	16
10.3.	Sjálfsmat nefndarinnar	17
10.4.	Samskipti	18
10.5.	Ábendingar nefndarinnar	18
11.	Viðbrögð við ábendingum nefndarinnar	19
12.	Niðurlag	20



1. Inngangur

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á grundvelli samþykktar nefndarinnar sem staðfest var í borgarstjórn 10. júlí 2014. Nefndin starfar á vegum borgarstjórnar og gegnir því hlutverki sem kveðið er á um í samþykktum hennar og í samræmi við IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Jafnframt er um hlutverk hennar vísað til leiðbeininga Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Í þeirri samþykkt sem nú gildir um hlutverk endurskoðunarnefndar er gerð sú breyting að nefndinni er ætlað samsvarandi hlutverk gagnvart þeim einingum sem teljast falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Segja má að endurskoðunarnefndin hafi þrjú meginviðfangsefni samkvæmt lögum um ársreikninga og samkvæmt samþykkt nefndarinnar sem er byggð á þeim lögum. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti sem nefndinni ber að annast með:

- vinnuferli við gerð reikningsskila.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- störfum ytri endurskoðenda.

Auk þess ber nefndinni að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum.

Í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fer endurskoðunarnefnd með eftirlit stjórnar á innra eftirliti með fjárhagsupplýsingum.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er samkvæmt IX. kafla ársreikningalaga undirnefnd borgarstjórnar og beinast störf hennar fyrir borgarstjórn í meginatriðum að reikningsskilum A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. Nefndin hefur einnig sjálfstæða stöðu sem undirnefnd stjórna eininga innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Skýrsla þessi varðar eingöngu störf nefndarinnar fyrir borgarstjórn. Sérstakri skýrslu var skilað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og framvegis mun nefndin skila sérskýrslu til hvernar stjórnar viðkomandi eininga innan samstæðunnar. Komi upp veruleg álitamál eða athugasemdir í störfum fyrir einstaka B-hluta félög og varða A-hlutann eða samstæðuna mun þess vera getið í skýrslu til borgarstjórnar í samráði við stjórnir viðkomandi félaga.

Starfsár nefndarinnar ræðst af skipunartíma hennar og því hvernig verkefni hennar falla til. Starfsárið hefst því í maímánuði hvers árs og lýkur í aprílmánuði næsta árs.

Á liðnu starfsári hefur nefndin átt í margvíslegum samskiptum við Innri endurskoðun borgarinnar, Fjármálaskrifstofu, formann borgarráðs, stjórnir B-hluta félaga, ytri endurskoðendur og fleiri aðila. Haldnir voru 18 fundir á starfsárinu. Hér á eftir verður fjallað nánar um störf nefndarinnar að einstökum verkefnum og önnur atriði sem nefndin telur rétt að nefna ásamt ábendingum sem hún vill koma á framfæri við borgarráð/borgarstjórn.



2. Samandregin niðurstaða

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að mestu á vettvangi Innri endurskoðunar borgarinnar, Fjármálaskrifstofu og ytri endurskoðunar en auk þess hefur nefndin átt samskipti við ýmsa aðra aðila vegna starfa sinna.

Í skýrslu sem þessari er eðlilegt að fram komi ábendingar um það sem nefndin telur að betur mætti fara og í lok umfjöllunar um helstu verkefni nefndarinnar í einstökum köflum skýrslunnar eru settar fram slíkar ábendingar. Nefndin óskar eftir því að ábendingar hennar verði teknar til umfjöllunar á vettvangi borgarstjórnar/borgarráðs eða þeim beint til viðkomandi aðila innan stjórnkerfis samstæðu borgarinnar eftir því sem við á. Ábendingar nefndarinnar eru eftirfarandi en nánari skýringu á þeim má finna í þeim köflum skýrslunnar sem vísað er til:

a) *Vinnuferli við gerð reikningsskila:*

- Að hraðað verði endurbótum á vinnuferli við gerð reikningsskila borgarinnar. Lögð verði áhersla á áhættumat og eftirlitsaðgerðir í samstarfi Fjármálaskrifstofu og Innri endurskoðunar með aðkomu endurskoðunarnefndar. Innri endurskoðun framkvæmi ítrekaða eftirfylgniúttekt á framkvæmd Fjármálaskrifstofu á eigin áætlun um aðgerðir til að bregðast við ábendingum Innri endurskoðunar við uppgjörsferlið og þeim veikleikum sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðenda

b) *Innra eftirlit, Innri endurskoðun og áhættustýring*

- Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar geri úttektir á stöðu innra eftirlits hjá fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira og verði gert kleift að sinna auknu umfangi verkefna í samræmi við ábendingar úttektarnefndar borgarstjórnar.
- Mótað verði fyrirkomulag um samstarf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur.
- Fram fari ytra gæðamat á Innri endurskoðun á árinu 2015.
- Ítreka fyrri ábendingu um að áhersla verði lögð á að flýta vinnu við mótun umgjarðar um áhættustýringu innan borgarkerfisins og gert verði átak í að fylgja henni eftir.

c) *Önnur atriði*

- Endurskoða tilhögun regluvörslu hjá Reykjavíkurborg í samræmi við umsögn nefndarinnar þar um frá því í október 2013.
- Setja leiðbeinandi reglur um samskipti borgarráðs og endurskoðunarnefndar borgarinnar til þess að tryggja að borgarráð sé nægilega upplýst um störf nefndarinnar á hverjum tíma.



3. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila

3.1. Innra eftirlit með gerð reikningsskila

Reikningsskil eru tiltekið form fjárhagsupplýsinga sem lúta sérstökum reglum um efni og framsetningu. Ábyrgð á reikningsskilum er hjá stjórn og í tilfelli sveitarfélaga ber byggðaráð ábyrgð á því að ársreikningar séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu (sbr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011).

Reikningsskil eru fjárhagsupplýsingar sem eru:

- ætlaðar til eigin nota til ákvarðanatöku eða upplýsinga um framvindu rekstrar og stöðu efnahags á tilteknum tíma,
- ætlaðar til upplýsinga til opinberra aðila,
- ætlaðar til opinberrar birtingar á markaði.

Það skiptir stjórn og aðra notendur verulegu máli að fjárhagsupplýsingar, hvort sem þær eru í formi reikningsskila eða settar fram með öðrum hætti, séu áreiðanlegar og tímanlegar. Vinnuferli við gerð reikningsskila getur verið umfangsmikið og flókið og því er mikilvægt að þetta ferli taki mið af skilgreindum áhættuþáttum sem gætu komið í veg fyrir að reikningsskil veittu þá glöggu mynd sem þeim er ætlað að sýna. Því er nauðsynlegt að í vinnuferlinu sé gert ráð fyrir eftirlitsaðgerðum til þess að koma í veg fyrir að reikningsskilin séu í veigamiklum atriðum röng vegna skekkju eða rangfærslu. Í greiningu og mati áhættuþátta og eftirlitsaðgerðum er fólgið það innra eftirlit sem kveðið er á um í lögum og leiðbeiningum um stjórnarhætti.

3.2. Verkefni endurskoðunarnefndar

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar annast gerð reikningsskila fyrir A-hluta og samstæðu borgarinnar. Borgarráði ber að hafa eftirlit með því að vinnuferlið við gerð reikningsskila sé eins traust og áreiðanlegt og framast er unnt. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að sinna þeirri eftirlitsskyldu fyrir hönd borgarráðs eins og kveðið er á um í lögum um ársreikninga¹.

Vinnuferli við gerð reikningsskila borgarinnar er eðli máls samkvæmt viðamikil og að ýmsu leyti flókið ferli. Þetta ferli er að sjálfsögðu í stöðugri mótun og kemur þar til bæði verklag og sú upplýsingatækni sem stuðst er við. Eftirlit með slíku vinnuferli krefst þess að mikilvægir þættir þess séu skráðir og aðgengilegir eftirlitsaðila.

Eins og fram hefur komið í skýrslum endurskoðunarnefndar hefur, í samráði við Fjármálaskrifstofu, verið unnið að úttekt á þessu ferli. Í slíkri úttekt og eftirfylgni felst engin gagnrýni á störf Fjármálaskrifstofu enda var ferlið rýnt til gagns í fullu samstarfi við fjármálastjóra og uppgjörseild.

Fyrsta hluta þessarar úttektar lauk í apríl 2013 og í framhaldi af því fól nefndin Innri endurskoðun að fylgja úttektinni eftir með áherslu á tvö lykilatriði: Áhættuþætti og eftirlitsaðgerðir.

¹ 108. gr. b laga nr. 3/2006 um ársreikninga;



Verkefni Innri endurskoðunar lauk um mánaðamótin janúar-febrúar 2014 og voru vinnugögn og greinargerð með helstu niðurstöðum afhent endurskoðunarnefnd. Fjármálastjóri kynnti nefndinni með bréfi dags. 28. febrúar 2014 áætlun um með hvaða hætti brugðist yrði við ábendingum Innri endurskoðunar. Samkvæmt þeirri áætlun átti flestum verkþáttum að vera lokið í aprílmánuði 2014 en einhverjum að vera lokið á haustmánuðum. Nefndin óskaði eftir því að Innri endurskoðun fylgdi eftir viðbrögðum við þeim ábendingum sem fram höfðu komið og í framhaldi af því yrði tekin ákvörðun um frekari skoðun á innra eftirliti með uppgjörferlinu. Í verkstöðuskýrslu Innri endurskoðunar sem kynnt var á fundi nefndarinnar þann 18. febrúar 2015 kom hins vegar í ljós að verkáætlun Fjármálaskrifstofu hafði ekki staðist og engar upplýsingar lágu fyrir um hvort brugðist hefði verið við einhverjum þeirra ábendinga sem fyrir lágu. Innri endurskoðun kynnti niðurstöður eftirfylgniúttektar á fundi endurskoðunarnefndar þann 22. apríl 2015. Þar kemur fram að Innri endurskoðun hefur fylgt eftir viðbrögðum við þeim 19 ábendingum og 11 umbótaverkefnum sem fengu flest stig í áhættumati uppgjörseildar Fjármálaskrifstofu. Niðurstaða Innri endurskoðunar er að átta ábendingum er að fullu lokið, tólf eru í vinnslu en þrjár hafa ekki fengið viðunandi viðbrögð. Upphafleg verkáætlun Fjármálaskrifstofu hefur því verið í verulegum atriðum önnur en ráð var fyrir gert. Nefndin óskar eftir aðkomu Innri endurskoðunar við ítrekaða eftirfylgniúttekt á uppgjörferli A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

3.3. Ábendingar nefndarinnar

Nefndin telur nauðsynlegt að:

- Að hraðað verði endurbótum á vinnuferli við gerð reikningsskila borgarinnar. Lögð verði áhersla á áhættumat og eftirlitsaðgerðir í samstarfi Fjármálaskrifstofu og Innri endurskoðunar með aðkomu endurskoðunarnefndar.
 - Innri endurskoðun geri ítrekaða eftirfylgniúttekt á framkvæmd Fjármálaskrifstofu á eigin áætlun um aðgerðir til að bregðast við ábendingum Innri endurskoðunar við uppgjörferlið og þeim veikleikum sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðenda.
-



4. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu

„Virkt innra eftirlit er ferli sem mótast af stjórn og daglegum stjórnendum. Innra eftirlit er samofið starfsemi félags og er ætlað að auðvelda stjórn og stjórnendum að hafa umsjón með rekstri þess. Innra eftirlit formfestir jafnframt hvernig félagið vinnur að markmiðum sínum, staðsetur ábyrgð í innra starfi þess og skýrir ábyrgð stjórnar á því starfi. Mikilvægt er að innra eftirlit fylgi formlegum ramma til þess að auðvelda stjórn að meta virkni þess á hverjum tíma.

Tilgangur innra eftirlits er að veita hæfilega vissu um að rekstrareining nái eftirfarandi markmiðum sínum:

- Árangri og skilvirkni í starfsemi.
- Að veita áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar.
- Að hlíta lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Stjórn rekstrareiningar ber ávallt ábyrgð á fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar en getur falið öðrum aðilum eins og Innri endurskoðun og endurskoðunarnefnd framkvæmd tiltekinnna þátta².

4.1. Innri endurskoðun borgarinnar

Hlutverk Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar og fyrirtækja og stofnana hennar. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður borgaryfirvöld þannig í því að ná markmiðum sínum.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun hjá borgarsjóði og eignasjóði Reykjavíkurborgar. Jafnframt skal Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun félaga sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira. Í þeim tilfellum sem innri endurskoðunardeild starfar innan slíkra félaga skal Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hafa eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi³.

4.2. Áhættustýring

Áhættustýring er ferli við að greina og meta þá áhættuþætti sem komið geta í veg fyrir að félag nái settum markmiðum og að gripið sé til úrræða til að draga úr væntanlegum áhrifum slíkra áhættuþátta⁴.

² Stjórnarhættir fyrirtækja, 4. útg. bls. 14.

³ Starfsreglur Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar samþ. 6. des. 2012

⁴ Stjórnarhættir fyrirtækja, 4. útg. bls. 14.



Innri endurskoðun hefur ítrekað vakið athygli á mikilvægi áhættustýringar. Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar er jafnframt vikið að því að ekki sé til staðar hjá Reykjavíkurborg skjalfest heildaryfirlit yfir verklagsreglur eða verkferla sem hafa verið áhættugreindir í heild og telur úttektarnefndin mikilvægt að æðstu stjórnendur borgarinnar taki til endurskoðunar og meti mikilvægi einstakra þátta í eftirlitsumhverfi borgarinnar sem snúa að áhættustjórnun.

4.3. Verkefni endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd fer með hlutverk borgarráðs er varðar eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu. Í því felst eftirlit með greiningu og mati á áhættuþáttum og athugun á fyrirkomulagi og virkni eftirlitsaðgerða sem eru hluti þess innra eftirlits sem stjórn ber að koma á fót og viðhalda.

Hlutverk endurskoðunarnefndar varðandi innra eftirlit, innri endurskoðun og áhættustýringu takmarkast við fjárhagsupplýsingar hvort sem þær eru í formi reikningsskila eða lagðar með öðrum hætti fyrir borgarráð og borgarstjórn.

Eftirlit með Innri endurskoðun

Meginverkefni Innri endurskoðunar borgarinnar eru á sviði fjárhagsendurskoðunar, endurskoðunar upplýsingakerfa og stjórnsýsluendurskoðunar. Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með því hvernig Innri endurskoðun stuðlar að virku innra eftirliti með fjárhagsupplýsingum og undirliggjandi upplýsingakerfum.

Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar er vikið að umfangi innri endurskoðunar og sett fram sú ábending að styrkja þurfi það hlutverk Innri endurskoðunar að gera úttekt hjá einstökum starfseiningum á styrkleika innra eftirlits og að setja ætti skýr markmið um að allar starfseiningar sæti slíkum úttektum á tilteknu árabili.

Nefndin hefur átt mjög gott samstarf við Innri endurskoðun á liðnu starfsári. Starfs- og endurskoðunarátætlun deildarinnar 2014-2017 var lögð fyrir nefndina, rædd og að lokum samþykkt á fundi hennar þann 19. nóvember 2014. Í starfs- og endurskoðunarátætluninni kemur fram að við gerð áætlunarinnar hafi verið tekið mið af uppbyggingu eftirlitsumhverfis borgarinnar samanber árlega umfjöllun Innri endurskoðunar um það efni og þannig leitast við að uppfylla IPPF staðal 2010 um áhættumiðaða áætlanagerð.

Nýr sameignarsamningur um Orkuveitu Reykjavíkur tók gildi 25. apríl 2014. Með samningnum er fallið frá fyrra fyrirkomulagi um skipun sérstakrar endurskoðunarnefndar fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og hlutverk þeirrar nefndar felld inn í hlutverk endurskoðunarnefndar fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Sú breyting felur meðal annars í sér að lögbundið eftirlit með innri endurskoðun fyrirtækisins færðist til endurskoðunarnefndar samstæðu Reykjavíkurborgar eins og fram kemur í 9. gr. samningsins. Á liðnu starfsári hefur verið unnið að því að móta fyrirkomulag um samstarf innri endurskoðunar Orkuveitunnar og innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og að beiðni stjórnar fyrirtækisins setti endurskoðunarnefndin fram tillögu 18. febrúar 2015 sem bíður afgreiðslu stjórnar.



Upplýsingastefna Innri endurskoðunar sem borgarráð samþykkti á fundi 25. nóvember 2010 kveður á um upplýsingagjöf til stjórnenda og eftir atvikum borgarráðs. Innri endurskoðandi hefur rætt við endurskoðunarnefnd mikilvægi þess að upplýsingastefnan verði löguð að breyttu landslagi með tilkomu endurskoðunarnefndar.

Í starfsreglum Innri endurskoðunar borgarinnar kemur fram að henni sé ætlað að annast innri endurskoðun félaga sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira. Auk Orkuveitu Reykjavíkur hafa stjórnir annarra eininga sem teljast til B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar samþykkt að endurskoðunarnefnd borgarinnar taki að sér hlutverk endurskoðunarnefndar í samræmi við samþykkt nefndarinnar. Eins og áður segir hefur endurskoðunarnefnd sett fram tillögu til stjórnar Orkuveitunnar um samstarf Innri endurskoðunar borgarinnar og innri endurskoðunardeildar fyrirtækisins. Auk þess hefur endurskoðunarnefnd lagt fram samræmda tillögu til stjórnanna annarra eininga sem teljast til B hluta samstæðu Reykjavíkurborgar um að innri endurskoðun þeirra verði falin Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Um er að ræða faglega þjónustu sem að mati nefndarinnar er æskilegt að sé samræmd fyrir samstæðuna í heild. Ákvörðunin er eðli máls samkvæmt hjá stjórn hvernar einingar. Strætó bs., Malbikunarstöðin Höfði hf. og Félagsbústaðir sf. hafa samþykkt þetta fyrirkomulag en beðið er ákvörðunar annarra.

Eins og fram kemur í starfsreglum Innri endurskoðunar ber skrifstofunni að starfa á grundvelli staðla alþjóðasamtaka innri endurskoðenda „International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing“. Staðlarnir kveða á um að innri endurskoðun skuli viðhalda gæðakerfi og stöðugum úrbótum sem ná til allra þátta í starfsemi innri endurskoðunar. Hluti af slíku gæðakerfi er innra og ytra mat eins og fram kemur í stöðlum 1311 og 1312. Á fundi endurskoðunarnefndar 20. janúar 2015 var lögð fram skýrsla Innri endurskoðunar um sjálfsmat samkvæmt staðli 1311. Að mati nefndarinnar var mjög vel staðið að þessu sjálfsmati og niðurstaða þess sýnir góða fylgni við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun. Einu verulegu frávikin voru skortur á ytra gæðamati sem framkvæma skal samkvæmt staðli 1312 og um skýrslugjöf um gæðamat samkvæmt staðli 1320. Endurskoðunarnefnd ítrekar áður framkomna ábendingu um að ytra gæðamat fari fram eins og alþjóðlegu staðlarnir kveða á um.

Hlutverk nefndarinnar á sviði áhættustýringar

Innra eftirlit er mikilvægur þáttur áhættustýringar og hefur fyrirkomulag og virkni áhættustýringar því mikil áhrif á störf endurskoðunarnefndar þar sem hlutverk hennar varðar eftirlit með viðbrögðum við verulegum áhættuþáttum sem varða fjárhagsupplýsingar borgarinnar.

Eins og áður hefur verið bent á er ljóst að áhættustýring er til staðar á ýmsum sviðum í starfsemi borgarinnar og má þar nefna mikilvægt starf sem unnið er af áhættustýringarhópi borgarráðs sem settur var á fót til að fylgjast með og miðla til borgarstjóra og borgarráðs upplýsingum og tillögum á grundvelli áhættugreininga. Hlutverk hópsins er að veita aukna innsýn í helstu áhættuþætti rekstrar og fjármögnunar til skemmri og lengri tíma. Endurskoðunarnefnd telur rétt að ítreka ábendingu um að leggja ber áherslu á að flýta vinnu við mótun umgjjarðar um áhættustýringu innan borgarkerfisins en meðal hlutverka áhættustýringarhóps var að undirbúa tillögu að áhættustefnu A-hluta borgarsjóðs. Aðgerðaáætlun sem leiðir fram þetta verkefni liggur ekki fyrir. Þá vekur nefndin athygli á



Því að ábendingar sama efnis hafa komið reglulega frá Innri endurskoðun síðan árið 2008⁵ og að úttektarnefnd borgarstjórnar⁶ hefur einnig sett fram ábendingu um að sett verði heildstæð stefna á sviði áhættustýringar hjá borginni.

Í skýrslu nefndarinnar í lok síðasta starfsárs kom fram að viðbrögð við ábendingum sem sneru að veikleikum í innra eftirliti hjá upplýsingatæknideild höfðu ekki verið fullnægjandi. Nefndin óskaði formlega eftir upplýsingum um hvernig borgarritari muni bregðast við framkomnum ábendingum. Borgarritari gerði grein fyrir viðbrögðum upplýsingatæknideildar á fundi nefndarinnar 20. janúar 2015.

4.4. Ábendingar nefndarinnar

Nefndin telur nauðsynlegt að:

- Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar geri úttektir á stöðu innra eftirlits hjá fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira og verði gert kleift að sinna auknu umfangi verkefna í samræmi við ábendingar úttektarnefndar borgarstjórnar.
 - Mótað verði fyrirkomulag um samstarf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur.
 - Fram fari ytra gæðamat á Innri endurskoðun á árinu 2015.
 - Ítreka fyrri ábendingu um að áhersla verði lögð á að flýta vinnu við mótun umgjarðar um áhættustýringu innan borgarkerfisins og gert verði átak í að fylgja henni eftir.
-

⁵ Rýning rekstrar, útg. Innri endurskoðun, maí 2008, bls. 7.

⁶ Skýrsla úttektarnefndar borgarstjórnar, apríl 2013, bls. 83.



5. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðunnar

Ytri endurskoðendur sveitarfélags skulu endurskoða ársreikning í samræmi við lög um endurskoðendur, lög um ársreikninga og alþjóðlega endurskoðunarstaðla eins og kveðið er á um í 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sama gildir um endurskoðun B-hluta félaga og byggðasamlaga.

5.1. Verkefni endurskoðunarnefndar

Eftirlit endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar beinist að störfum ytri endurskoðenda borgarinnar sem bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings samstæðunnar eins og kveðið er á um í samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi með ytri endurskoðendum borgarinnar frá haustmánuðum fram til loka apríl mánaðar. Farið var yfir endurskoðunaráætlun þar sem endurskoðendur gerðu grein fyrir því hvernig staðið yrði að endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðunnar og endurskoðun einstakra B-hluta fyrirtækja fyrir árið 2014. Farið var yfir helstu atriði í endurskoðun hverrar einingar innan samstæðunnar og fyrir samstæðuna í heild og áhersla lögð á að nefndin verði tímanlega upplýst um álitamál sem fram kunni að koma.

Sú eining samstæðunnar utan A-hluta borgarsjóðs sem hefur mest vægi í samstæðunni er Orkuveita Reykjavíkur. Vegna hlutverks síns gagnvart stjórn Orkuveitunnar hefur endurskoðunarnefndin skilað sérstakri skýrslu um störf sín til stjórnar fyrirtækisins og vísar til þeirrar skýrslu um niðurstöður. Eins og þar kemur fram er ekki um að ræða athugasemdir eða álitamál varðandi endurskoðun ársreiknings Orkuveitunnar sem sérstaklega þarf að geta um í þessari skýrslu til borgarstjórnar.

- Engar ábendingar eru settar fram um eftirlit með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðunnar.



6. Mat á óhæði endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra

Lögð er áhersla á í 72. gr. sveitarstjórnarlaga að endurskoðandi sveitarfélags skuli vera óháður sveitarfélaginu í reynd og ásýnd sbr. lög um endurskoðendur. Í VI. kafla þeirra laga er sérstaklega fjallað um óhæði endurskoðenda og að við mat á óhæði skuli endurskoðendur fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda setur og staðfestar eru af ráðherra.

6.1. Verkefni endurskoðunarnefndar

Ytri endurskoðendur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar, KPMG ehf., lögðu fram skriflega staðfestingu sína á óhæði endurskoðunarfyrtækisins og einstakra starfsmanna endurskoðunarteymisins við upphaf endurskoðunar sinnar á ársreikningi A-hluta og samstæðuársreikningi borgarinnar fyrir árið 2014.

Í verksamningi um endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg var lögð áhersla á að ytri endurskoðendur ársreiknings A-hluta og einstakra eininga innan samstæðu borgarinnar taki ekki að sér aðra þjónustu en endurskoðun án samþykkis endurskoðunarnefndar. Nefndin hefur afgreitt þær beiðnir um viðbótarþjónustu sem fram hafa komið á starfsárinu og sett verklagsreglu um meðferð slíkra beiðna sem kynntar hafa verið viðkomandi stjórnendum og KPMG. Rík áhersla er lögð á að önnur þjónusta sem endurskoðendur kunna að veita raski ekki óhæði þeirra.

- Engar ábendingar eru settar fram um mat á óhæði endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra.



7. Val á ytri endurskoðendum

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um það að sveitarstjórn ráði löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skuli endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun sveitarfélags skal taka sér hlé frá endurskoðun þess í a.m.k. tvö ár samfelld eigi síðar en sjö árum eftir að hann var ráðinn til verksins samkvæmt 6. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga. Samsvarandi ákvæði er í 20. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur þegar um er að ræða endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum.

Við val á ytri endurskoðanda samstæðu segir í 99. gr. ársreikningalaga að kjósa skuli a.m.k. einn af endurskoðendum eða skoðunarmönnum móðurfélags til að gegna sams konar starfa fyrir dótturfélag ef þess er nokkur kostur. Jafnframt segir í 10. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur að endurskoðandi samstæðu beri ábyrgð á endurskoðun samstæðureikninga.

Á árinu 2013 efndi borgarstjórn til útboðs á endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar og endurskoðun ársreikninga tiltekinna B-hluta félaga ásamt könnun tiltekinna árhlutareikninga þessara eininga. Útboðið náði til reikningsáranna 2013 til og með ársins 2017 eins og nánar var kveðið á um í útboðslýsingu.

7.1. Verkefni endurskoðunarnefndar

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að gera tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum. Í samræmi við það kom nefndin að faglegum hluta útboðslýsingar á endurskoðunarþjónustunni og fór að lokum yfir og lagði mat á þau tilboð sem bárust.

Niðurstaðan var sú að með bréfi dags. 9. september 2013 lagði endurskoðunarnefndin til við borgarstjórn að tilboði lægstbjóðanda, KPMG ehf. yrði tekið.

- Engar ábendingar eru settar fram um val á ytri endurskoðendum.



8. Um ársreikning Reykjavíkurborgar 2014

Ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta og endurspeglast sú skipting í ársreikningi borgarinnar. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði en í B-hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. laga nr. 138/2011 skal ársreikningur Reykjavíkurborgar fullgerður og samþykktur af borgarráði og vera tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í borgarstjórn 15. apríl ár hvert og samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal ljúka staðfestingu ársreikningsins eigi síðar en 15. maí.

8.1. Verkefni endurskoðunarnefndar

Samkvæmt 4. gr. samþykktar endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar ber nefndinni að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin ber í þessu samhengi ábyrgð á því að til staðar sé kerfi sem tryggir upplýsingagjöf um gerð reikningsskila til nefndarinnar frá stjórnendum, ytri endurskoðendum og innri endurskoðanda.

Áður hefur verið gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með vinnuferli við gerð reikningsskila í kafla 3 og í kafla 5 er gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með endurskoðun ársreiknings. Nefndin hefur fylgst með gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar vegna ársins 2014 og fundað með ýmsum aðilum í tengslum við þá vinnu. Nefndin hefur leitast við að vakta hvort einhver álitamál hafi komið upp í tengslum við gerð ársreiknings, reikningsskilaaðferðir og framsetningu ársreikningsins. Þá hefur verið kallað eftir nánari kynningu og rökstuðningi vegna úrlausnar álitamála sem upp hafa komið.

Nefndin hefur fundað með ytri endurskoðendum, stjórnendum Fjármálaskrifstofu og formanni borgarráðs. Ýmis mál tengd reikningsskilum Reykjavíkurborgar og B-hluta félaga komu til umfjöllunar í nefndinni en eins og á síðasta ári er stærsta álitamálið tengt reikningshaldslegri meðferð á sölu Orkuveitunnar á höfuðstöðvum sínum að Bæjar- og Réttarhálsi, endurleigu á þessum eignum og meðferð leigusamnings. Þá hefur verið fjallað um reikningshaldslega meðhöndlun fastafjármuna Félagsbústaða í nefndinni en breytingar hafa orðið á reikningsskilaaðferðum frá fyrri árum er snúa að matsverði fjárfestingaeigna í eigu Félagsbústaða hf. Nefndin telur rétt að endurtaka í þessari skýrslu umfjöllun um meðferð leigusamnings um höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur og eignfærslu fjárfestingaeigna Félagsbústaða í samstæðureikningi. Umfjöllunin er í undirköflum hér á eftir.

Nefndin fékk kynningu á ársreikningi Reykjavíkurborgar 2014 þann 30. mars 2015 en áður hafði nefndin yfirfarið ársreikninga og endurskoðunarskýrslur B-hluta fyrirtækja. Nefndin fékk einnig til skoðunar skýrslu Fjármálaskrifstofu með ársreikningi og telur nefndin að skýrslan gefi vel fram sett og greinargott yfirlit um mikilvæg atriði í ársreikningi.



8.1.1. Leigusamningur um höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur

Á árinu 2013 var gengið frá samningi um sölu Orkuveitunnar á húsnæði höfuðstöðva fyrirtækisins við Bæjar- og Réttarháls og samhliða gerður leigusamningur um hið selda til tíu ára. Í ársreikningi Orkuveitunnar, þar sem beitt er alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, er leigusamningurinn flokkaður sem rekstrarleigusamningur. Sú niðurstaða byggir á forsendum stjórnenda um að kauprétturinn sé ekki metinn á undirverði og að ekki sé ásetningur um að nýta kauprétt samkvæmt samningnum. Samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og tengdar reglugerðir. Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga gaf út álit nr. 1/2010 um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Í álitinu kemur skýrt fram að sveitarfélögum er skylt að færa til eignar og skuldar í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja til lengri tíma en þriggja ára, enda séu þeir ekki uppsegjanlegir innan eins árs af hálfu sveitarfélagsins. Álit þetta gengur því lengra en alþjóðlegur reikningsskilastaðall IAS 17 og kröfur ársreikningalaga en þar er gerður greinarmunur á fjármögnunarleigusamningum og rekstrarleigusamningum. Ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar hafa bent á að samkvæmt álitinu sé líklegt að færa þurfi leigusamning vegna höfuðstöðva Orkuveitunnar upp sem eign og skuld í efnahagsreikningi Reykjavíkurborgar á árinu 2013. Þess ber þó að gæta að hér er ekki um að ræða leigusamning um eignir sem nýttar eru í þágu lögboðinnar starfsemi A-hluta heldur samning sem gerður er af sjálfstæðu B-hluta fyrirtæki í samræmi við reikningsskilareglur sem um það gilda. Álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga er ekki bindandi að lögum.

Í tengslum við gerð ársreiknings 2014 hafa stjórnendur Fjármálaskrifstofu, ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar rætt almennar reikningsskilareglur um meðferð leigusamninga og vandkvæði þess að meðhöndla leigusamning Orkuveitunnar á annan hátt í reikningsskilum borgarinnar en gert er í ársreikningi Orkuveitunnar. Með sama hætti og áður er leigusamningurinn ekki verið færður til eignar og skuldar í samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar og reikningshaldsleg meðferð því sú sama og í ársreikningi Orkuveitunnar. Rétt er þó að benda á að líkur benda til að breytingar verði á meðferð leigusamninga samkvæmt IFRS sem munu hafa áhrif að þessu leyti á reikningsskil Orkuveitunnar og samstæðunnar. Breytingarnar gætu tekið gildi frá og með 1. janúar 2018.

Nefndin hefur fylgt þessu máli eftir og gerir ekki athugasemd við þá ákvörðun stjórnenda Reykjavíkurborgar að meðhöndla leigusamning vegna Orkuveitunnar með sama hætti í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta Reykjavíkurborgar og gert er í reikningsskilum Orkuveitunnar. Þá gera ytri endurskoðendur samstæðunnar ekki athugasemdir við þessa meðhöndlun í ársreikningi borgarinnar vegna ársins 2014 enda sé leigusamningurinn færður í ársreikningi Reykjavíkurborgar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 17. Nefndin telur þó mikilvægt að óska eftir álit reikningsskila- og upplýsinganefndar og fá úr því skorið hvort Reykjavíkurborg þurfi að færa í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja til lengri tíma en þriggja ára, þ.e. einnig leigusamninga B-hluta félaga sem ekki ná til sérhæfðra eigna.



8.1.2. Eignfærsla fjárfestingaeigna hjá Félagsbústöðum hf.

Félagsbústöðum hf. er skylt, samkvæmt úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á árinu 2013, að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings síns eins og fjallað er um í skýringu 1 með ársreikningi Reykjavíkurborgar. Ársreikningur Félagsbústaða hf. vegna ársins 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er færður þannig óbreyttur í samantekinn ársreikning A- og B-hluta Reykjavíkurborgar og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt í samræmi við ákvæði ársreikningslaga. Helstu áhrif á samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar eru þau að fjárfestingaeignir í eigu Félagsbústaða hf., sem eignfærðar eru meðal varanlegra rekstrarfjármuna, eru færðar á gangvirði en voru áður færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til afskrifta. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sjá nánar skýringu 2 með ársreikningi Reykjavíkurborgar, og geta sveiflur því orðið meiri í rekstrarreikningi en ef kostnaðarverðsreglunni væri beitt.

Nefndin hefur fallist á rök stjórnenda Reykjavíkurborgar að mikilvægt sé að fylgja sömu reikningsskilareglum við gerð ársreiknings Félagsbústaða hf. og við gerð samantekins ársreiknings A- og B-hluta Reykjavíkurborgar. Reikningsskilareglur þessar eru ekki í ósamræmi við alþjóðlegar reikningsskilareglur eða ársreikningalög þó það sé ekki algennt að þessum reikningsskilareglum sé beitt í öðrum sveitarfélögum vegna félagslegra íbúða. Ytri endurskoðendur samstæðunnar gera ekki athugasemd við þessa meðhöndlun fjárfestingaeigna í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar.

8.1.3. Yfirferð á ársreikningum B-hluta fyrirtækja og stofnana

Fulltrúar endurskoðunarnefndar áttu sérstaka fundi með stjórnendum og ytri endurskoðendum vegna ársreiknings Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2014. Í framhaldi af því tók nefndin saman sérstaka skýrslu sem kynnt var stjórn fyrirtækisins á fundi hennar 23. mars 2015.

Nefndin hefur yfirfarið ársreikninga og endurskoðunarskýrslur annarra B-hluta fyrirtækja og stofnana og sett fram umsögn til stjórnna viðkomandi fyrirtækja.



9. Um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar

Fjárhagsáætlun borgarinnar er mikilvægur þáttur í fjármálum hennar og stjórnskipulagi. Fjárhagsáætlun er bindandi um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu borgarinnar og er sveitarfélagi skylt skv. lögum að fylgja fjárhagsáætlun ásamt viðaukum sem hafa verið samþykktir við hana.

Fjármálaskrifstofa hefur haft yfirumsjón með fjárhagsáætlunarferlinu, unnið grunnforsendur hennar og aðstoðað við tillögur að rammaúthlutun. Er ferlið mjög viðamikið og snertir nær alla fleti borgarkerfisins.

9.1. Verkefni endurskoðunarnefndar

Nefndin fékk kynningu Fjármálaskrifstofu á forsendum fjárhagsáætlunar og ferlinu í heild sinni. Verklagsreglur virðast vera skýrar og eru líkön rýnd reglulega til að tryggja nákvæmni áætlanna eftir því sem hægt er. Farið var sérstaklega yfir þá þætti fjárhagsáætlanna sem helst hafa leitt til frávika á undanförunum árum og gæði þeirra líkana sem notuð eru við áætlanagerðina. Í framhaldi af fyrirspurn sem beint var til Fjármálaskrifstofu fékk nefndin kynningu á breyttu verklagi sem unnið var að og áformað að lyki í byrjun árs 2015. Það er mat nefndarinnar að verklag við gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar sé skýrt og til fyrirmyndar.

10. Önnur atriði

Endurskoðunarnefndin hefur auk þess sem hér hefur komið fram unnið að öðrum verkefnum sem varða hlutverk hennar.

10.1. Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefndin hefur sett sér starfsreglur en í þeim kemur fram með hvaða hætti nefndin hyggst starfa til þess að ná þeim markmiðum sem kveðið er á um í samþykktum nefndarinnar auk þess sem í starfsreglunum er fjallað um samskipti nefndarinnar við aðila innan stjórnkerfis borgarinnar og um sjálfsmat að loknu hverju starfsári. Á fundi sínum þann 21. ágúst 2014 samþykkti nefndin breytingar á starfsreglunum þar sem meðal annars er tekið mið af auknu umfangi verkefna nefndarinnar. Starfsreglurnar hafa verið kynntar formanni borgarráðs og stjórnarformönnum einstakra fyrirtækja innan samstæðu borgarinnar. Nefndin starfaði á árinu 2014 í samræmi við fundaaætlun sem hún setti sér á grundvelli starfsreglnanna. Nefndin mun eðli máls samkvæmt gera breytingar á starfsreglum sínum ef tilefni gefst til.

10.2. Umsögn um regluvörslu

Óskað var eftir því af hálfu borgarráðs með bréfi til nefndarinnar dags. 3. september 2013 að nefndin veitti borgarráði umsögn um tilhögun regluvörslu hjá Reykjavíkurborg. Á fundi nefndarinnar þann 14. október 2013 var afgreidd umsögn til borgarráðs um regluvörslu.



Var það álit nefndarinnar að Reykjavíkurborg beri að hafa starfandi regluvörð og staðgengil hans. Borgarstjórn beri að ráða regluvörð og staðgengil eða staðfesta ráðningu þeirra, sbr. 130. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Var það mat nefndarinnar að æskilegt væri að regluvörslu væri skipað undir borgarstjóra sem verði yfirmaður regluvarðar.

Þá taldi nefndin að borgarstjórn ætti að setja regluverði erindisbréf til 12 mánaða hverju sinni þar sem sé m.a. fjallað um stöðu regluvörslu hjá Reykjavíkurborg og sérstaklega greint frá því hvernig sjálfstæði regluvörslu sé tryggt og vísað til verklags um valdheimildir og úrræði regluvarðar.

10.3. Sjálfsmat nefndarinnar

Nefndin framkvæmdi sjálfsmat í samræmi við leiðbeinandi reglur um störf endurskoðunarnefnda. Sjálfsmatið fólst í því annars vegar að nefndarmenn svöruðu spurningalista um störf nefndarinnar og hins vegar í því að leggja viðhorfskönnun fyrir hagsmunaaðila, þ.e. borgarstjórn og æðstu embættismenn borgarinnar.

Spurningalisti nefndarmanna fjallar um:

- Almennt um störf endurskoðunarnefndar.
- Aðkomu endurskoðunarnefndar að reikningsskilum.
- Áhættustýringu og innra eftirlit.
- Aðkomu nefndarinnar að hlítu við lög og reglur.
- Eftirlit með stjórnendum og innri endurskoðun.
- Samskipti við ytri endurskoðun.

Með viðhorfskönnuninni var leitað eftir upplýsingum um það hvort svarendur þekktu og bæru traust til endurskoðunarnefndar, væru ánægðir eða óánægðir með störf hennar og hvort þeir teldu að framsetning og gæði fjárhagslegra upplýsinga væru fullnægjandi og bærust tímanlega. Jafnframt var óskað eftir ábendingum sem svarendur vildu koma á framfæri við nefndina.

Niðurstöður eigin rýni nefndarmanna eru helstar að:

- Setja þurfi samskipti við borgarráð í fastari skorður.
- Fylgja þurfi eftir áhættumati við skráningu uppgjörsferilsins.
- Vekja þurfi athygli á mikilvægi formlegrar áhættustýringar.
- Innri endurskoðun hefur lokið sjálfsmati og styður nefndin mikilvægi sjálfstæðrar ytri úttektar á störfum deildarinnar.
- Rétt er að fram fari regluleg símenntun og þjálfun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.

Viðhorfskönnunin beindist að 29 einsaklingum sem nefndin hefur mest samskipti við og var svarhlutfallið 55%. Niðurstöðurnar sýna að um 94% hagsmunaaðila eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeir þekki vel til hlutverks nefndarinnar. Þá eru 87% hagsmunaaðila mjög eða frekar sammála fullyrðingunni um að þeir treysti faglegri vinnu nefndarinnar. Mun lægra hlutfall hagsmunaaðila eða 40% er mjög eða frekar sammála því að þeir reiði sig á störf nefndarinnar. 53% svarar þeirri fullyrðingu með hvorki né. Aðeins 6% hagsmunaaðila telur sig mjög sammála þeirri



fullyrðingu að þeir fái nægar upplýsingar um störf nefndarinnar, en 56% er þó frekar sammála því, 31% svarar því hvorki né. 75% hagsmunaaðila telur síðustu ársskýrslu nefndarinnar hafa verið setta fram á skýran og skilmerkilegan hátt og 69% telja upplýsingar í ársskýrslunni gagnlegar, en athygli vekur þó að 19% svarenda svara spurningunni um framsetningu með svarinu hvorki né og 25% svara þannig spurningunni um gagnsemi skýrslunnar. Niðurstöður skoðunarkönnunar meðal hagsmunaaðila sýna með skýrari hætti en sambærileg könnun frá síðasta ári að:

- Setja þurfi samskipti við borgarráð og upplýsingagjöf til borgarráðs í fastari skorður og fá frekari þarfagreiningu frá borgarfulltrúum og borgarráðsmönnum varðandi upplýsingar frá nefndinni og form upplýsingagjafar.

10.4. Samskipti

Nefndin telur mikilvægt að eiga góð samskipti við aðila innan stjórnsýslu borgarinnar. Þeir aðilar sem nefndin hefur mest samskipti við eru Innri endurskoðun, Fjármálaskrifstofa, og borgarráð.

Nefndin setti á árinu 2012 í samráði við Innri endurskoðun og Fjármálaskrifstofu leiðbeinandi reglur um samstarf þar sem fram kemur með hvaða hætti slíkt samstarf stuðlar að því að nefndin geti sinnt hlutverki sínu. Eins og áður hefur komið fram telur nefndin vanta leiðbeinandi reglur um samskipti nefndarinnar við borgarráð. Sjálfsmat nefndarinnar sem framkvæmt hefur verið undanfarin ár styður jafnframt það mat.

Á starfstíma nefndarinnar hefur hún gert borgarráði grein fyrir störfum sínum á borgarráðsfundum eða á sérstökum fundum með formanni borgarráðs. Þessi samskipti hafa eðli máls samkvæmt verið að frumkvæði nefndarinnar en auk þess hefur borgarráð fengið upplýsingar um störf nefndarinnar í fundargerðum hennar.

Eins og fram kom í skýrslu nefndarinnar á síðasta ári telur hún mikilvægt að samskipti hennar við borgarráð verði sett í fastara form. Endurskoðunarnefnd telst til undirnefndar stjórnar í hefðbundnum fyrirtækjarekstri enda fer hún með hlutverk sem stjórnin ber ábyrgð á. Því er mikilvægt að tenging stjórnar, eða í tilfalli Reykjavíkurborgar borgarráðs, og endurskoðunarnefndar sé með formlegum hætti.

10.5. Ábendingar nefndarinnar

Nefndin telur nauðsynlegt að:

- Endurskoða tilhögun regluvörslu hjá Reykjavíkurborg í samræmi við umsögn nefndarinnar þar um frá því í október 2013.
 - Setja leiðbeinandi reglur um samskipti borgarráðs og endurskoðunarnefndar borgarinnar til þess að tryggja að borgarráð sé nægilega upplýst um störf nefndarinnar á hverjum tíma.
-



11. Viðbrögð við ábendingum nefndarinnar

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við ábendingum í skýrslu nefndarinnar 2014:

a) *Vinnuferli við gerð reikningsskila:*

- Unnið verð áfram að endurbótum á vinnuferli við gerð reikningsskila borgarinnar. Lögð verði áhersla á áhættumat og eftirlitsaðgerðir í samstarfi Fjármálaskrifstofu og Innri endurskoðunar með aðkomu endurskoðunarnefndar.
- Innri endurskoðun geri úttekt á haustmánuðum á framkvæmd Fjármálaskrifstofu á eigin áætlun um aðgerðir til að bregðast við ábendingum Innri endurskoðunar við uppgjörsferlið.

Viðbrögð:

Endurbætur á vinnuferli við gerð reikningsskila er áframhaldandi verkefni og gerð er grein fyrir framvindu úttektar á verkáætlun Fjármálaskrifstofu í kafla 3 í skýrslunni.

b) *Innra eftirlit, Innri endurskoðun og áhættustýring*

- Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar geri úttekt á stöðu innra eftirlits hjá fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira.
- Fram fari ytra gæðamat á Innri endurskoðun á árinu 2014.
- Áhersla verði lögð á að flýta vinnu við mótun umgjarðar um áhættustýringu innan borgarkerfisins og gert verði átak í að fylgja henni eftir.

Viðbrögð:

Innri endurskoðun hefur ekki gert úttekt á stöðu innra eftirlits hjá fyrirtækjum sem borgin á helmingshlut eða meira. Vísað til næsta árs vegna fyrirhugaðra breytinga á aðkomu endurskoðunarnefndar.

Innra gæðamat fór fram á árinu 2014 en ytra gæðamat bíður ársins 2015.

Mótun umgjarðar um áhættustýringu er enn í vinnslu.

c) *Ársreikningur*

- Gefinn verði rýmri tími til að rýna skýrslu Fjármálaskrifstofu um ársreikning Reykjavíkurborgar og nefndin fái viðbrögð við ábendingum sem hún kann að hafa.

Viðbrögð:

Fjármálaskrifstofa hefur orðið við beiðni nefndarinnar um rýmri tíma til rýningar.

d) *Önnur atriði*

- Endurskoða tilhögun regluvörslu hjá Reykjavíkurborg í samræmi við umsögn nefndarinnar þar um frá því í október 2013.
- Endurskoða starfsreglur nefndarinnar m.t.t. nýs hlutverks hennar og fjölgun nefndarmanna vegna ákvæða sameignasamnings um Orkuveitu Reykjavíkur. Endurskoða fjárheimildir nefndarinnar m.t.t. aukinna starfa nefndarinnar vegna þessa.



- Nefndin ítrekar að settar verði leiðbeinandi reglur um samskipti borgarráðs og endurskoðunarnefndar borgarinnar til þess að tryggja að borgarráð sé nægilega upplýst um störf nefndarinnar á hverjum tíma.

Viðbrögð:

Breyting á tilhögun regluvörslu í samræmi við umsögn endurskoðunarnefndar hefur ekki verið gerð.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar voru uppfærðar 21. ágúst 2014. Fjárheimildir nefndarinnar voru uppfærðar í fjárhagsáætlun 2015.

Leiðbeinandi reglur um samskipti við borgarráð hafa ekki verið settar.

12. Niðurlag

Með skýrslu þessari hefur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar gert grein fyrir störfum sínum á liðnu starfsári og lagt fram ábendingar sem hún telur mikilvægt að fái umfjöllun á vettvangi borgarráðs eða verði vísað til annarra aðila innan stjórnáætlunar borgarinnar eftir því sem við á.

Skýrslan er lögð fram á fundi borgarstjórnar þann 28. apríl 2015.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Ólafur Kristinsson, formaður

Inga Björg Hjaltadóttir

Ingvar Garðarsson

Sunna Jóhannsdóttir